

Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri, þriðjudaginn 21. maí 2024 og hófst hann kl. 17:00

Mætt voru: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Hilmar Friðjónsson, Sigríður Stefánsdóttir, Kári Fannar Lárusson, Kristjana Valgeirsdóttir, Jón Baldvin Hannesson. Eva Hrund Einarsdóttir og var með á fundinum gegnum teams.
Forföll boðuðu: Kristín Helga Schiöth og Konráð K. Baldursson.

Starfsmenn: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri og verkefnastjórar undir lið 1 og 2.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar.

1. Verkefni á Ólafsfirði og Hjálparsíminn.

Sóley Björk Stefánsdóttir kynnti vinaverkefnið á Ólafsfirði og þann hluta hjálparsímans sem unninn er á Akureyri.

Markmið vinaverkefnisins er að draga úr einmanaleika ákveðins hóps á Ólafsfirði og er samtvinnuð rekstri búðar og fataflokkunar. Einnig er verið að koma á aftur heimsóknarvinum á Ólafsfirði og Siglufirði. Stjórnin lýsir ánægju með þetta fyrirmyndarverkefni og sendir bestu kveðjur í Fjallabyggð.

Hjálparsíminn 1717. Heldur færri sjálfboðaliðar vinna nú við verkefnið, en verið hefur. Þeir sem því sinna er first og fremst ungt folk í námi, sem hreyfing er á. Búið er að fá hópstjóra til að halda utan um starfið og standa vonir til að þá eflist það.

2. Útboð ríkisins vegna flóttamannaverkefnis.

Róbert Theódórsson kynnti stöðu mála varðandi stöðu mála vegna útboðs félags- og vinnumarkaðaráðuneytisins vegna þjónustu við flóttafólk. Einnig var lagt fram minnisblað frá Eyjafjarðardeild með tillögum sem lagt er til að verði hafðar til hliðsjónar við undirbúning tilboðs RKÍ v. þessa útboðs. Stjórnin tekur undir þær tillögur sem fram koma í minnisblaðinu. Kári Fannar þurfti að víkja að fundi kl. 18, meðan umræða um þennan lið stóð.

3. Umræða um skýrslu framtíðarhópsins.

Rætt var um möguleg næstu skref og verkefni Eyjafjarðardeildar í samræði við tillögur framtíðarhópsins.

Þorsteini, Sigríði og Ingibjörgu falið að senda erindi á deildir á norðurlandi og austurlandi og bjóða til óformlegra viðræðna um hugmyndir um svæðisbundið samstarf.

4. Hlutverk stjórnarfólks og skipun í framkvæmdanefnd innan stjórnar.

Á síðasta fundi var ákveðið að fresta umræðum um hlutverk stjórnarfólks og skipun í framkvæmdanefnd. Ákveðið að skipa formann, gjaldkera og ritara í framkvæmdanefnd sem getur tekið minni háttar ákvarðanir milli funda stjórnar, ef þörf krefur. Vegna stefnubreytinga eða hærri upphæða þarf að kalla stjórnarsaman. Hámarksviðmið vegna slíkra samþykka er kr. 1 millj. Umræðu um hlutverk einstakra stjórnarmanna frestað.

Þorsteinn K. Björnsson
Kristín Björk Gunnarsdóttir
Kári Fannar Lárusson
K. v.

5. Starfsreglur stjórnar Eyjafjarðardeildar.

Frestað til hausts.

Eva hvarf af fundi eftir þennan lið.

6. Mannréttingarviðukenning Akureyrarbæjar 2024.

Akureyrarbær veitti Eyjafjarðardeildar Rauða krossins Mannréttingarviðukenningu Akureyrarbæjar 2024. Stjórnin lýsir mikilli ánægju með þessa viðurkenningu.

7. Verkfnið Frú Ragnheiður

Deildarstjóri gerði grein fyrir þarfagreiningu á skaðaminnkandi þjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu. Náðst hefur samstarf við Velferðarsjóð Eyjafjarðarsvæðis auk annarra samstarfsaðila. Svör við könnun hefur verið dræm. Ákveðið var að framlengja frestinn til 1. sept.

Deildarstjóri sagði einnig frá mögulegu nýju verkefni Rauða krossins, sem á að fara að þarfagreina á landsvísu. Verkefnið nefnist "Never use alone phone" og yrði kostað af fé sem safnaðist á styrktartónleikunum "Vaknaðu". Stjórnin telur að hér sé um verkefni að ræða sem vel væri hægt að stjórna frá Akureyri og lýsir yfir áhuga á að vinna það. Á svæðinu eru vel menntaðir einstaklingar og reynsla af skaðaminnkunarkerfni. Þetta nýja verkefni væri styrkur fyrir það starf, sem þegar er unnið. Deildarstjóra er falið að koma þessu sjónarmiði á framfæri.

8. Viðhald á lóð og húsnæði.

Kynnt voru tilboð í hornið þar sem fánastöngin er. Annað tilboðið er um hellulögn en hitt um malbik með hleðslu kantsteins. Formanni falið að ganga til samninga við Finn ehf. Einnig var lagt fram munnlegt tilboð í rúðskipti á austuhlið. Samþykkt að fá Tréverk til verksins.

9. Bókhald Eyjafjarðardeildar.

Deildarstjóri gerði stutta grein fyrir rekstaryfirliti janúar til mars 2025. Yfirlitið barst rétt fyrir fund. Stjórnin bendir á að það er óásættanlegt hve seint yfirlit um fjárhagsstöðu berst.

10. Starfsmannamál

Deildarstjóri gerði grein fyrir þessum lið.

11. Önnur mál.

Fundi slitið kl 20.20.

Þórunn K Björnsdóttir
Jóna Haukeney
Kristín Björk G
Kristjana V. Valgeirsdóttir
Sigrún Stefánsdóttir